LISTIR

Fókus hér, fókus þar

MYNDLIST

Gerðarsafn

BLÖNDUÐ TÆKNI
ANITA HARDY KASLO, SISSÚ PÁLSDÓTTIR OG STEINA VASULKA

Til 31. október. Opið þriðjudaga til sunnudaga frá kl. 12-18. Aðgangur kr. 200.

ÞRJÁR vinkonur sem þekkjast frá Santa Fe í Nýju Mexíkó hafa nú sett saman sýningu í kjallara Listasafns Kópavogs. Þær eru Steina Vasulka, Sissú Pálsdóttir og Anita Hardy Kaslo, og gera þær heiðarlega tilraun til að samþætta verk sín þannig að sýningin myndi eina heild en virki ekki sem þreföld einkasýning. Þetta gera vinkonurnar með því að vinna sýninguna sem eina samfellda heild. Yfirskriftin er „Árþúsunda arkitektúr", titill sem ber í sér spádómsfræ um leið og hann vísar aftur í tímann til okkar óræða upphafs.

Hið merkilega við samstarf þeirra Steinu, Sissú og Anitu er að svo ólíkum manneskjum skuli koma til hugar að flétta saman verk sín með sameiginlegri sýningu. Ekkert í ferli þeirra bendir til að þær hafi fengist við skyld viðfangsefni hingað til og reyndar má sjá að framlag þeirra á sér fullkomlega óskyldar rætur. Hvað er það þá sem vakir fyrir vinkonunum þrem, og á hvaða forsendum starfa þær?

Ef til vill hefur það farið framhjá mörgum Íslendingnum að ímynd listamannsins sem einmana snillings er á hröðu undanhaldi. Enginn veit það betur en Steina Vasulka, sem ætíð hefur starfað í nánum tengslum við aðra skapandi einstaklinga. Teymi er kjörorð dagsins, ekki síst þegar tæknilist á borð við myndbönd er annars vegar. Framþróun skjálistarinnar var einfaldlega óhugsandi án félagsskapar ólíkra uppfinningamanna, myndkönnuða og hugmyndaríkra tæknifræðinga af ýmsum toga. Slík teymi starfa saman í bróðerni, óeigingjarnt og af fullkomnum heilindum. Öðruvísi næðist lítill árangur.

Svona forsendur virðast liggja að baki sýningu Steinu, Sissú og Anitu. Þær eru allar af þeim móderníska meiði sem tekur tilraunina fyrir verkið. Slíkt hispursleysi gagnvart útkomunni er næsta sjaldgæft á tímum póstmódernísks maníerisma þar sem allt þarf helst að vera slétt og fellt svo áhorfandinn þurfi nú ekki að brúka ímyndunaraflið alltof mikið og trufla með því óslökkvandi hrifningarþörf sína.



Morgunblaðið/Sverrir
Frá sýningunni „Árþúsunda arkitektúr".

Hvort heldur sem það er gert af ráðnum hug eður ei þá minnir myrkvaður klefinn sem þær deila með sér, Steina og Sissú, töluvert á *Merzbau* Kurts heitins Schwitters. Þetta er einhvers konar hellir með formmyndunum úr hvítu frauðplasti, sem virka bæði sem höggmyndræn skipan í rými og skermar fyrir myndbönd Steinu. Þau flæða um svæðið frá skjávörpunum og rekast á frauðplastsfletina líkt og af tilviljun. Þannig eru sumir hlutar hreyfimyndanna í fókus, meðan aðrir berast um svæðið eins og óhlutbundin litamynstur.

Við innganginn í klefanum – sem ef til vill mætti skynja sem snjóhús úr heimildarmynd Flahertys, *Nanook norðursins,* ef hann væri ekki svona víður og stór – myndar frauðplastið hleðslumynstur sem fangar myndvarpið með einstaklega eftirtektarverðum hætti. Það er eitthvað mikilfenglegt við þessi hvítu form og flæðandi myndir; eitthvað sem frekar minnir á auðnir norðursins en brennda náttúru Nýju Mexíkó.

Framan við klefa Steinu og Sissú hanga svo veglegar cibachromeljósmyndir Anitu Hardy Kaslo. Hún er arkitekt að mennt, en ljósmyndari í hjáverkum. Ljósmyndir Anitu virðast við fyrstu sýn fullkomlega óhlutbundnar, en sú vitneskja að ljósmyndir eru ávallt af einhverju rekur menn til að ráða í gáturnar sem við þeim blasa. Myndefni sitt sækir hún til tveggja ólíkra átta; litskyggna af krabbameinsæxli og eigin smásjárljósmynda af frjókornum fengnum úr hýbýlum Anasazi-frumbyggja, forfeðra Hopi-indíánanna í suðvesturfylkjum Bandaríkjanna, en menningu þeirra má rekja allt aftur til fyrstu aldar okkar tímatals.

Líkt og tölvustýrðar myndbandsmyndir Steinu frá Nýja-Sjálandi, Grænlandi og Íslandi, eru myndir Anitu stundum í fókus og stundum ekki. Allt fer það eftir því á hvaða blett er einblínt. Þannig mætast myndirnar á veggnum myndunum í klefanum og nú skapast nýjar víddir og ný tengsl. Það sem hjá Sissú virtust inúísk snjóhús, tengjast allt í einu neðanjarðarhýsum frumbyggjanna í Pueblo Bonito í Nýju Mexíkó, sem rekja má aftur til tólftu aldar. Líkt og kiva-myndir, eða klefaveggmyndir Anasazi-fólksins teygja verk þeirra Steinu Vasulka, Sissú Pálsdóttur og Anitu Hardy Kaslo sig frá hinu alvíða, heimshorna milli, til hins þrengsta búskapar í iðrum líkamans.

Og nú öðlast klefi þeirra Steinu og Sissú enn eina víddina; þá lífrænu. Mætti ekki skoða helli þeirra eins og Jónas eða Spýtu-Gosi könnuðu innviði hvalsins? Hið lífræna kerfi sem kallast á við landamæraleysi heimsbyggðarinnar og óendanleik sagnfræðinnar gefur árþúsunda arkitektúr vinkvennanna þriggja þann heimspekilega grunn sem sýning þeirra hvílir á. Þannig er sýning Steinu, Sissú og Anitu í öllum sínum svífandi léttleik og tilviljunarkennda anda verðugur óður til eilífðarinnar, sem er undirskrift sýningarinnar þar sem við nálgumst óðfluga nýjan aldatug.

Halldór Björn Runólfsson